

Ed.

129. Nefndarálit

[89. mál]

um frv. til laga um orlof.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr. 1. málsg. greinarinnar orðist svo:
Lög þessi rýra ekki viðtækari eða hagkvæmari orlofsrétt samkvæmt öðrum lögum, samningum eða venjum.
2. Við 3. gr. Síðari málsg. greinarinnar orðist svo:
Orlofsárið er frá 1. maí til 30. apríl.
3. Við 4. gr.
 - a. 1. málsg. greinarinnar orðist svo:
Af orlofinu skal a. m. k. 21 orlofsdagur veittur á tímabilinu frá 2. maí til 15. september. Ef orlof er skemmra en 21 dagur, skal það veitt í einu lagi á þessu tímabili. Afganginn af orlofinu skal einnig veita í einu lagi, en það má veita á öðrum tíma árs.
 - b. 2. málsg. greinarinnar orðist svo:
Í vinnu við landbúnað og síldveiðar má veita allt að helmingi orlofsins utan orlofstímabilsins.
4. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
Atvinnurekandi ákveður í samráði við launþega, hvenær orlof skuli veitt. Hann skal verða við óskum launþega um, hvenær orlof skuli veitt, að svo miklu leyti sem unnt er vegna starfseminnar. Atvinnurekandi skal að könnun á vilja launþega lokinni tilkynna, svo fljótt sem unnt er og í síðasta lagi mánuði fyrir byrjun orlofs, hvenær orlof skuli hefjast, nema sérstakar ástæður hamli.
5. Við ákvæði til bráðabirgða. 2. liður falli niður.

Alþingi, 27. nóv. 1971.

Björn Jónsson,
form., frsm.

Björn Fr. Björnsson,
fundaskr.

Ásgeir Bjarnason.

Eggert G. Þorsteinsson. Helgi Seljan.

Auður Auðuns,
með fyrirvara.

Ingvar Jóhannsson,
með fyrirvara.